

**3427. fundur bæjarráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
18. ágúst 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Sameiginlegur fundur bæjarráðs og skóla- og frístundaráðs.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri kynnir greiningarvinnu um fjármagn til íþróttafélaga og íþróttabandalagsins á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir stofnun starfshóps sem hafi það hlutverk að leggja fram tillögu um framtíðarfyrirkomulag styrkveitinga Akraneskaupstaðar til íþróttabandalagsins og aðildarfélaga þeirra.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera drög að erindisbréfi og leggja fyrir sameiginlega fund bæjarráðs og skóla- og frístundaráðs.*

**2. 2004011 - Covid19 - rekstur íþróttafélaga**

Staða íþróttafélaga vegna COVID-faraldursins tekin til umræðu.

Lögð fram greinargerð og samantekt nokkurra aðildarfélaga ÍA um áhrifin af völdum faraldursins.

*Bæjarráð óskar eftir að ÍA kalli eftir nákvæmari greiningu frá öllum aðildarfélögum sem taki til raunstöðu, tekjutaps, auknum útgjöldum sem og væntum áhrifum faraldursins.*

*Bæjarráð óskar eftir að upplýsingar liggi fyrir eigi síðar en 14. september en stefnt er að sameiginlegum fundi bæjarráðs og skóla- og frístundaráðs í framhaldinu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.**

*Elsa Lára Arnardóttir.*

*Valgarður L. Jónsson*

*Steinar Adolfsson*

*Sævar Freyr*

*Steinar Adolfsson*